



Reykjavík 17.05.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 16. maí 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í mars 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða. Kynning stóð til og með 20. apríl 2018. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir/bókun: Bláskógarbyggð dags. 16. apríl 2018, Seltjarnarnesbær dags. 16. apríl 2018 og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 11. maí 2018. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í maí 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: innsenar^d umsagnir/bókanir og tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í maí 2018



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Skipulags- og umhverfisráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 11.05.2018
1802002 SB

Efni: SSH -Afmörkun landnotkunar -Svæði fyrir samfélagsstofnanir

Á 83. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 4. maí 2018 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Vinnslutillaga til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða smávægilega breytingu á skipulagsuppdrætti þar sem verið er að lagfæra ósamræmi í skipulagsuppdrætti þannig að landnotkunarreitir samfélagsstofnanna falli að lóðarmörkum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugsemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell A. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Helena Stefánsdóttir

Frá: Hervör Pálsdóttir <hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is>
Sent: 16. apríl 2018 15:44
Til: USK Skipulag
Efni: Bókun á 73. fundi skipulags- og umferðarnefndar

Ágæti viðtakandi,

eftirfarandi var bókað á fundi skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnesbæjar

2. Mál nr. 2018020220

Heiti máls: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar.

Lýsing: Lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs.

Afgreiðsla: Nefndin gerir ekki athugasemdir.

Síma- og viðtalstímar byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar eru eftirfarandi:

Símaviðtalstímar, miðvikudaga kl. 10 – 11

Viðtalstímar, miðvikudaga kl. 11 – 12

Byggingarfulltrúi: Sigurður Valur Ásbjarnarson,
Netfang: byggingarfulltrui@seltjarnarnes.is

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og umferðarnefndar/byggingarfulltrúa
Hervör Pálsdóttir

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 595 9100, beinn sími: 595 9102
Netfang: hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>



Reykjavíkurborg

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykholti, 16.04.2018
1804017 VV

Efni: Bréf Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, dags. 22. mars 2018; tillaga að breytingu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 5. apríl 2018 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

Bréf Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, dags. 22. mars 2018; tillaga að breytingu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar.

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem kynnt er að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu.

Virðingarfyllt,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Afmörkun landnotkunar leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 25
Maí 2018

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

1. Forsendur og markmið

Gera þarf lítilsháttar breytingar á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þar sem komið hefur upp misræmi í afmörkun landnotkunar þar sem þegar liggja fyrir eldri ákvarðanir um lóðamörk og notkun lóðar eða viðkomandi svæði hafa verið afmörkuð nánar í deiliskipulagi. Þetta á m.a. við um afmörkun lóða fyrir samfélagsstofnanir en getur átt við fleiri landnotkunarsvæði. Þetta hefur gefið tilefni til að yfirfara betur afmörkun landnotkunar á þéttbýlisuppdrætti og tryggja samræmi við fyrirliggjandi lóðamörk.

Í drögum þessum er gerð grein fyrir þremur breytingum eða leiðréttingum í þessa veru. Bætt verður við fleiri lagfæringum ef ábendingar koma um fleiri svæði. Farið verður yfir afmörkun samfélagsstofnana og fleiri landnotkunarsvæða eins og kostur er. Breytingar sem þessar fela ekki í sér breytingar á stefnumörkun og eru fyrst og fremst gerðar til að landnotkunaruppdrátturinn endurspegli rétta lóðaskipan og grunnskilgreiningu lóða, enda sýnt að ekki liggi fyrir stefna um annað. Það er því ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif viðkomandi lagfæringa og breytinga.


2. Breytingar á þéttbýlisupprætti (1:20.000)

Eftirfarandi breytingar á afmörkun eru lagðar til á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins. Breytingarnar eða lagfæringarnar eru lítilsháttar og hafa ekki áhrif á landbókhald aðalskipulagsins. Sjá næstu opnu.


Samfélagsstofnanir við Vesturhlíð

Fyrir mistök er leikskólinn Sólborg ekki innan áður skilgreinds svæðis fyrir samfélagsstofnanir. Svæði samfélagsstofnana stækkar en kirkjugarður (K2) minnkar samsvarandi. Afmörkun kirkjugarðs K2 til norðurs eru einnig lagfærð.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



Samfélagsstofnanir við Völvufell

Fyrir mistök var lóð fyrir samfélagsstofnun við Völvufell 7a skilgreind á opnu svæði (OP) en hafði í eldra aðalskipulagi verið hluta af stofnanasvæði við Völvufell.

Fyrir breytingu:




Eftir breytingu:




Mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis í Vogabyggð I

Við gerð deiliskipulags fyrir Vogabyggð I, voru mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis afmörkuð nánar en sýnt var á þéttbýlisupprætti. Breytingin felur í sér að mörk íbúðarbyggðar færast lítilsháttar til norðurs í samræmi við afmörkun lóðar samkvæmt deiliskipulagi Vogabyggðar I.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



4. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna þessarar aðalskipulagsbreytingar var samþykkt þann 15. febrúar 2018 sl. Verklýsingin var send á hverfisráð Breiðholts, aðliggjandi sveitarfélög, svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun.

Engar efnislegar athugasemdir hafa komið fram við verklýsinguna. Drög að aðalskipulagsbreytingu voru send á Hverfisráð Laugardals og Hverfisráð Hlíða, auk ofangreindra aðila. Drögin voru til kynningar á adalskipulag.is og auglýst í fjölmiðlum og opið hús haldið þann 8. maí. Engar efnislegar athugasemdir hafa borist við drögin.